



Hólabær – til foreldra

Í ljósi aðstæðna sem uppi eru í samfélaginu vegna Covid-19 biðjum við þig að fara vel yfir innihald þessa bréfs.

Sveitarstjórn, ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins, hafa unnið hörðum höndum að útfærslum á starfsemi stofnanna sveitarfélagsins. Nú þurfum við öll að taka höndum saman og sýna samfélagslega ábyrgð við að halda samfélaginu gangandi. Eins og við vitum öll er samfélagið okkar lítið og hver einstaklingur í samfélaginu skiptir lykil máli í svona stóru verkefni.

- Opnunartími í leikskóla mun takmarkast við starfsmenn, forgangshópa til þjónustunnar og óskir foreldra um vistunartíma.
- Á opnunartíma verða alltaf að vera tveir starfsmenn á þeirri deild/deildum sem opnar eru. Starfsmaður má aldrei vera einn við störf á deild.
- Foreldrar noti þann inngang sem leikskólastjóri tiltekur. Starfsmaður tekur þar við barni. Mikilvægt er að foreldrar fari ekki lengra en inn í andyri.
- Ekki verður boðið upp á morgunmat og mikilvægt að börn séu búin að fá morgunmat áður en þau koma í leikskólann. Hádegismatur verður í boði inni á deild.
- Leikskólastjóri sér um að manna leikskólann, raða börnum upp í deildir, gefa út opnunartíma og upplýsingar til foreldra um vistunartíma.
- Mikilvægt er að fylgjast vel með upplýsingum frá leikskólanum. Starfsemin getur breyst með stuttum fyrirvara. Upplýsingar eru sendar út eins fljótt og auðið er.
- Leikskólagjöld verða í samræmi við raunverulegan vistunartíma barna, en ekki þann tíma sem lagt var upp með í upphafi mánaðar, meðan á þessu standur.

Mjög mikilvægt er að láta vita af forföllum, ef börn koma seint eða eru sótt snemma. Ef börn eru kvefuð eða með önnur veikindi er ætlast til að foreldrar haldi börnum sínum heima. Börn sem sýna merki um veikindi verða send heim. Tilkynna skal forföll eða veikindi barna í síma **434 7832**.

Komi upp grunur um smit skal hafa samband við heilsugæsluna í Búðardal á opnunartíma, 9-12 og 13-16 í síma **432 1450** og fá samband við hjúkrunarfræðing eða fá símatíma hjá lækni. Alls ekki koma á heilsugæsluna sé grunur um smit. Utan opnunartíma skal hringja í **1700**. Við viljum benda á að hægt er að finna ýmsar

upplýsingar á eftirfarandi vefsíðum:

www.covid.is www.landlaeknir.is www.heilsuvera.is

Ef um neyðartilfelli ræðir hafið samband við 112

Sveitarstjórn Reykhólahrepps